

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2015, þriðjudaginn 15. desember, var haldinn 124. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði í Grafarvogi og hófst fundurinn kl. 17:19. Viðstödd voru Bergvin Oddsson, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir og Ólafur Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs, Margrét Richter, sérfræðingur fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda, sem einnig ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Þrjár styrkbeiðnir sem lágu fyrir voru kynntar. Samþykkt var að veita 15.000kr. til Skákdeildar Fjölnis, 30.000kr. til Korpúlfa og 49.000kr. til Hjólakraftsverkefnis Miðgarðs
2. Betri hverfi 2016.
Bókun frá kjörnum fulltrúum hverfisráðsins:

Hverfisráð Grafarvogs harmar samþykkt stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 7. September sl. um breytingu á framkvæmd Betri hverfa fyrir árið 2016. Ljóst er að umrædd samþykkt veldur því að engar framkvæmdir í hverfum borgarinnar verða fjármagnaðar gegnum Betri hverfi á næsta ári og þar með minnka umtalsvert þau litlu áhrif sem íbúar borgarinnar geta haft á nærumhverfi sitt. Hverfisráð harmar að stjórnkerfis – og lýðræðisráð skuli á þennan hátt draga úr lýðræði í borginni. Það má vel vera að hægt sé að bæta verkefnið Betri hverfi og boðuð úttekt mun væntanlega leiða í ljós hvort svo sé. Hverfisráð telur að sú úttekt eigi samt ekki að hafa áhrif á framkvæmd verkefnisins árið 2016.

- Kl. 17:30 tekur Trausti Harðarsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina sæti á fundinum.
3. Bergvin kynnti vinnu að opnum íbúafundi vegna byggingar íþróttamannvirkja í Grafarvogi. Nánari umræðu um efnið frestað til næsta fundar. Formaður hverfisráðs ásamt framkvæmdastjóra Miðgarðs og verkefnastjóra frístunda og félagsauðs fór á fund með framkvæmdastjóra Fjölnis til að ræða opinn íbúafund vegna fyrirhugaðra framkvæmda á íþróttamannvirkjum í borginni. Áhersla var lögð á að borgarstjóri sitji fundinn.
 - Kl 17:54 yfirgáfu Elísabet Gísladóttir og Þorvaldur Guðjónsson fundinn
4. Drög að fundartímum á næsta misseri. Ákveðið að send tillögur af fundartíma síðar.
 5. Eftirfarandi fyrirspurnir voru lagðar fyrir fundinn frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallavina:

Önnur ítrekun á fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina frá fundi ráðsins 28.október 2014 en fyrir var send ítrekun á fyrirspurn frá fundi Hverfisráðs Grafarvogs 28.apríl 2015 en ekki hefur enn komið svar við fyrirspurn þessari. Óskar fulltrúi Framsóknar og flugvallarvinnir að fyrirspurn þessi verði áframsend á fjármálaskrifstofu borgarinnar ásamt því óskar fulltrúi eftir því að fyrirspurn þessi verði send á Stjórnsýslu- og lýðræðisnefnd þeim til upplýsinga og sem kvörtun um hversu seint og illa gengur að fá svör frá fjármálaskrifstofu borgarinnar.

Framsókn og flugvallarvinnir óska eftir upplýsingum um hverjar heildartekjur borgarsjóðs hafa verið úr Grafarvogi, þ.e. útsvar frá íbúum Grafarvogs, og

fasteignagjöldum íbúa og fyrirtækja í hverfinu, póstnúmeri 112 á árinu 2011, 2012 og 2013. Einnig óskar framsókn og flugvallavinir eftir upplýsingum/yfirliti yfir stærstu útgjaldaliði borgarsjóðs sem snúa beint að hverfinu á sömu árum.

Óskað er eftir upplýsingar hvers vegna verið sé að ferja nemendur Vættaskóla og Kelduskóla í sundkennslu út úr Grafarvogi/hverfinu sínu og upp í Árbæ í Árbæjarlaug á sama tíma og verið er að ferja nemendur Sæmundarskóla sem staðsettur er í Grafarholti inn í Grafarvog til sundkennslu í Grafarvogslaug.

Á fundi hverfisráðs 18.ágúst óskaði fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina eftir að Umhverfis- og skipulagssvið gerð sem fyrst úttekt á hvar nauðsynlegt sé að verði strax viðhald og endurmálun leiktækja við leikskóla í Grafarvogi og gefi hverfisráði Grafarvogs skýrslu um hjá hvað mörgum þeirra þurfi að mála leiktæki þ.e. klifurkastala, rólur, vegasölt og öðrum leiktækjum. Benti fulltrúi einnig á að strax væri mikil þörf á að mála t.d. leiktæki við leikskólann Laufskála og að einhverju leiti við Leikskólann Fífuborg. Nú fjórum mánuðum síðar hefur engin skýrsla komið frá Umhverfis og skipulagssviði til Hverfisráðs né neinu viðhaldi verið sinnt sem fulltrúi benti á. Vill fulltrúi ítreka fyrirspurn þessa til Umhverfis og skipulagssviðs.

Á fundi hverfisráðs Grafarvogs 15.maí 2015 var lög fram fyrirspurn til Umhverfis- og skipulagssviði á kostum og göllum þess að breyta póstnúmeri í Bryggjuhverfi í 112 eða í nýtt númer. Hverfið tilheyrir þjónustusvæði Grafarvogs 112 en er með póstnúmer 110 í dag. Vill fulltrúi ítreka fyrirspurn þessa til Umhverfis og skipulagssviðs.

Á fundi hverfisráðs Grafarvogs 15.maí 2015 óskaði fulltrúi eftir upplýsingum frá skóla- og frístundasviðs um samanburð á þátttöku barna og unglínga í Grafarvogi í tónlistanámi og barna og unglínga í öðrum hverfum borgarinnar þ.e. er sambærilegt hlutfall barna og unglínga í Grafarvogi að stunda tónlistanám og í öðrum hverfum borgarinnar? Ásamt því óskaði fulltrúi eftir upplýsingum frá skóla- og frístundasviðs um samanburð á möguleika barna og unglínga til að stunda tónlistanám í Grafarvogi og öðrum hverfum borgarinnar. Hvað geta margir mögulegir nemendur þ.e. börn og unglíngar úr Grafarvogi lagt stund á tónlistarnám í sínu hverfi, hverju sinni og er það í sama hlutfalli og möguleikar barna og unglínga í öðrum hverfum borgarinnar? Vill fulltrúi ítreka fyrirspurn þessa til Skóla- og frístundasviðs.

6. Eftirfarandi tillögur voru lagðar fyrir fundinn af áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Hverfisráð Grafarvogs mótmælir þeim sparnaðaraðgerðum Reykjavíkurborgar að hætta með heitan mat um helgar fyrir eldri borgara í Eirborgum og krefst Hverfisráð Grafarvogs þess að Reykjavíkurborg tryggi að áfram verði heitur matur bæði virka daga og helgardaga fyrir eldri borgara í Eirborgum.

Tillögu frestað.

Samkvæmt svari frá Skóla- og frístundasviði við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar- og flugvallarvina um Frístundastrætó fyrir Grafarvog þá kemur fram að Reykjavíkurborg sé tilbúin að styrkja árlega Fjölni um 825 þúsund krónur á önn eða 1.650 þúsund á ári fyrir frístundaakstur og er það þá miðað við 1/3 framlag á móti framlagi frá foreldrum í kostnaði þess að halda uppi Frístundaakstri.

Tillögu frestað.

Hverfisráð skorar á Ungmennafélagið Fjölni að skoða hvort hægt sé að vera með frístundastrætóinn milli 14 og 16 virka daga, köldustu mánuðina, nóvember og hálfan desember og svo janúar, febrúar, mars. Einnig skorar Hverfisráð Grafarvogs á Skóla og frístundasvið á að veita viðbótarframlag/styrk fyrir frístundastrétó í Grafarvogi vegna séraðstæðna þ.e. 20% barna borgarinnar búa í Grafarvogi og vegalengdir eru lengri en í flest öll öðrum hverfum milli íþróttamannvirkja og hverfishluta. Til samanburðar fékk Fram 5 milljón króna viðbótarstyrk til að reka sinn Frístundastrétó.

Tillögu frestað.

Fundi slitið kl. 18:10

Guðbrandur Guðmundsson
Ólafur Guðmundsson

Bergvin Oddsson

Gísli Rafn Guðmundsson
Elísabet Gísladóttir